


## Helsta orsök örorku eftir sjúkdómaflokkum 2015

Hjá Tryggingastofnun voru voru 18.046 einstaklingur með 75% örorkumat í gildi árið 2015. Geðraskanir voru algengasta orsök örorku, metnar sem fyrsta orsök örorku hjá rúmlega 38% einstaklinga. Til samanburðar var hlutfallið um 36 % árið 2005. Stoðkerfissjúkdómar fylgdu fast á eftir og var önnur algengasta orsök.


### Fyrsta orsök örorku



Af einstaklingum með örorkumat i gildi árið 2015 voru fleiri konur eða 10.793 á móti 7.253 karli. Munur var einnig á dreifingu sjúkdómaflokka eftir kynjunum. Hjá körlum voru geðraskanir stærsti flokkurinn, en stoðkerfissjúkdómar hjá konum.

Flokkun	2005			2015			
	Alls	Karlar	Konur	Alls	Karlar fjöldi	Konur fjöldi	%
Geðraskanir	36,2%	41,7%	32,4%	38,2%	3.217	3.677	34,1%
Stoðkerfissjúkdómar	27,6%	17,6%	34,4%	29,4%	1.295	4.005	37,1%
Sjúkdómar í taugakerfi og skynfærum	9,7%	10,8%	9,0%	9,3%	736	935	8,7%
Áverkar	6,5%	8,9%	4,9%	6,6%	667	530	4,9%
Sjúkdómar í blóðrásarkerfi	6,0%	8,6%	4,2%	4,3%	442	338	3,1%
Aðrar ástæður	4,6%	4,0%	5,1%	4,9%	315	564	5,2%
Meðfædd skerðing og litningafrávik	2,6%	3,0%	2,2%	2,3%	214	195	1,8%
Innkirtla og efnaskiptasjúkdómar	2,0%	1,8%	2,1%	1,7%	127	173	1,6%
Sjúkdómar í öndunarfærum	2,3%	1,6%	2,8%	1,6%	114	188	1,7%
Krabbamein	1,8%	1,6%	1,9%	1,2%	95	119	1,2%
Húðsjúkdómar	0,7%	0,4%	1,0%	0,5%	31	69	0,6%
	100%	100%	100%	100,0%	7.253	10.793	100,0%

## Sjúkdómaflokkar eftir kynjum, árin 2005 og 2015



**Aldursskipting örorkumats:** Munur var á sjúkdómaflokkum eftir aldursbilum. Í aldurshópnum **yngrri en 30 ára** voru 1.706 einstaklingar, kynjahlutföll voru 974 karlar eða 57% og 732 konur eða 43%. Geðraskanir voru stærsti flokkurinn, 72% hjá körlum og 59% hjá konum. Aðrir sjúkdómar voru í minna mæli hjá þessum aldurshópi og stoðkerfissjúkdómar ekki eins algengir og hjá eldri hópum.

Flokkun árið 2015 - yngri en 30 ára Karlar fjöldi og % Konur fjöldi og %				
Geðraskanir	698	72%	432	59%
Sjúkdómar í taugakerfi og skynfærum	99	10%	111	15%
Meðfædd skerðing og litningafrávik	63	6%	54	7%
Áverkar	37	4%	21	3%
Stoðkerfissjúkdómar	21	2%	60	8%
Aðrar ástæður	56	6%	54	8%

Á aldrinum **30 – 49 ára** voru 6.029 einstaklingar, kynjahlutföll voru 2.319 karlar eða 38% og 3.710 konur eða 62%. 53% karla var skráð með örorku vegna geðraskana, en 43% kvenna.

Flokkun árið 2015 - 30 - 49 ára Karlar fjöldi og % Konur fjöldi og %				
Geðraskanir	1.236	53%	1.611	43%
Stoðkerfissjúkdómar	297	13%	1.044	28%
Sjúkdómar í taugakerfi og skynfærum	262	11%	357	10%
Áverkar	229	10%	196	5%
Aðrir flokkar	295	13%	502	14%

Í aldurshópnum **50 ára og eldri** voru stoðkerfissjúkdómar helsta orsök örorku hjá konum en geðraskanir hjá körlum. Samtals voru 10.311 einstaklingar í þessum aldurshópi, 3.960 karlar eða 38% og 6.351 kona eða 62%.

Flokkun árið 2015 - 50 ára og eldri Karlar fjöldi og % Konur fjöldi og %				
Geðraskanir	1283	32%	1634	26%
Stoðkerfissjúkdómar	977	25%	2901	46%
Sjúkdómar í blóðrásarkerfi	394	10%	256	4%
Áverkar	401	10%	313	5%
Sjúkdómar í taugakerfi og skynfærum	375	9%	467	7%
Aðrar ástæður	530	13%	780	12%